

**Ed.**

**252. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um mæli- og vigtartæki.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefir athugað frumvarp þetta, og leggur til að það nái fram að ganga, þó svo að samþykktar verði eftirfarandi

**BREYTINGARTILLAGUR:**

1. Fyrir orðin »mæli- og vigtartæki« bæði í fyrirsögn frumvarpsins og hvarvetna í frumvarpinu, þar er orðasamsetning þessi kemur fyrir og eigi er tekin upp í sjerstakar breytingartillögur hjer á eftir, komi:  
mælitæki og vogaráhöld (í þeim beygiföllum, sem við eiga á hverjum stað).
2. 1. gr. frumvarpsins orðist svo:

Við hverja þá verslun, þar sem mæla skal varning eður vega, skal til þess nota mælitæki eða vogaráhöld, sem löggilt eru og löglega stimpluð. Tæki þessi og áhöld skulu sæta eftirliti af hálfu stjórnarvalda þeirra, er til þess eru nefnd í lögum þessum; en skylt er engu að síður þeim, er þau tæki notfæra við afhending eða móttöku vöru, að sjá um að þau sjeu rjett.

Öll mælitæki og vogaráhöld, sem notuð eru til að ákveða upphæð tollgjalda til landssjóðs eða til þess að byggja á þeim vottorð um vigt eða mæli, eða og til annars, sem ákveðið kann að verða í konungstilskipun samkvæmt 2. gr. þessara laga, skulu vera löggilt og eftirliti háð.

3. Í 2. gr. frumvarpsins komi í stað orðanna »lögildarskrifstofa, sem annast«: lögildingarstofa í Reykjavík, og sjer hún um:
4. a. Í 2. gr. a. komi í stað orðanna »sú lögildingarskylda«:  
það lögildingarstarf.
- b. Í 2. gr. c. komi í stað orðanna: »teknisk — vigtartækjum«:  
verklegt eftirlit með tækjum til mælis og vogar.
5. Í 3. gr. 3. málsgrein falli burt orðið »inn«.
6. Í 4. gr. i stað orðanna: »tækið er stimplað með« komi:  
stimplað er á þau.
7. 5. gr. orðist svo:  
Lögildingarstofan getur löggilt tæki, þótt ekki sjeu þau ætluð til notkunar, er lögildingarskyldan nær til, ef þau að hennar dómi eru til þess fallin.
8. Fyrri málsgrein 6. greinar orðist svo:  
Lögildingarstofan getur löggilt af nýju mælitæki og vogaráhöld, sem áður hafa löggilt verið, en orðin eru ófullnægjandi, ef þeim hefir verið breytt þannig, að þau fullnægi lögildingarskilyrðum.
9. Í síðari málsgrein 6. greinar komi í stað orðanna: »sjá um að láta löggilda tækin á ný«:  
leita nýrrar lögildingar.  
Fyrir »því slitmarki« komi:  
slitmarki.  
Fyrir »frammanefndri tilskipun« komi:  
tilskipuninni (sbr. 2. gr.)
10. Í 7. gr. komi í stað orðanna: »ákveðið er í kgl. tilskipun«:  
tilskipunin greinir.
11. 8. gr. orðist svo:  
Lögildingarstofan skal hafa svo miklar birgðir af algengum mælitækjum og vogaráhöldum, er ætla má að nægi. Hafa má hún aðalútsölumann, er annast sölu fyrir hennar hönd, og ber að sjá um, að tækin sjeu til sölu svö víða um landið, sem þörf er á.
12. Við 9. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:  
Nú hefir lögildingarstofan ekki tæki, sem óskað er eftir, og er þá heimilt að kaupa þau annarstaðar. Þegar svo ber undir, má krefjast þess, að lögildingarstofan löggildi þau, ef þau að hennar dómi fullnægja lögildingarskilyrðum.  
Í síðari málsgrein 9. gr. komi í stað orðanna: »Samkvæmt tilskipun — ennfremur«:  
Í tilskipun þeirri, sem ráð er fyrir gert í 2. gr., skal ákveða, að lögildingarstofan geti  
Orðið »sem« á undan: »löggilt«, falli niður.  
Í stað »lögildingarskrifstofunnar« komi:  
lögildingarstofunnar.

*Samkvæmt þessu lagfærist orðið, þar sem það kemur fyrir síðar í frv.*

13. Við 10. gr. í stað: »Á lögreglustjóra hvílir sú skylda« komi:  
Lögreglustjóra er skylt.  
Fyrir orðin »yfir höfuð« komi:  
yfirleitt.
14. Síðari málsgrein 10. greinar orðist svo:  
Hann getur fyrirvaralaust látið skoða áhöld og tæki til mælis og vogar hjá öllum, sem löggilt tæki nota eða nota ber, og rannsakað, hvort fylgt hefir verið rjettilega fyrirmælum laga þessara um löggilding og stimplun eftir verklega prófun eða nýja löggilding.
15. Í 11. gr. í stað »rannsaka« komi:  
athuga.
16. Í 12. gr. komi í stað »tekniska«:  
verklega.  
Í stað orðanna: »hið opinbera hefir« komi:  
stjórnarvöld hafa.  
Í 2. málsgrein 12. gr. komi í stað orðsins »aðgangur«  
aðganga.  
*Kynferði lýsingarorðs breytist eftir því.*  
Í 3. málsgrein 12. greinar komi í stað orðanna: »Notandi — hjálpar við«:  
Skylt er þeim, sem áhöld og tæki eru rannsökuð hjá samkvæmt lögum þessum, að láta í tje aðstoð sína, ef eftirlitsmenn kalla til hennar.
17. Fyrir »tekniska« komi:  
verklega.  
Í 13. gr. Fyrir orðin »enn fremur aðrar« komi:  
aðrar þær.  
Fyrir orðin »eftirlitið krefur« komi:  
með þarf vegna eftirlitsins.
18. Í 14. gr. 1. málsg. í stað orðanna »og sem eru löggilt« komi:  
og löggilt eru.  
Í stað »tekniska« komi:  
verklega.
19. Í 15. gr. komi í stað »Löggildingar- og eftirlitsskylda sú«:  
Skylda sú til löggildingar og eftirlits.

Efri deild Alþingis, 30. júlí 1917.

Magnús Torfason,      H. Hafstein,  
formaður.                      ritari.

Kristinn Danielsson.